



# RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi  
Erindi nr. P 125/1700  
komudagur 25. 4/2000

Félagsmálanefnd,  
b.t. formanns  
Alþingi,  
150 Reykjavík.

Dagsetning  
18. apríl 2000

Tilvísun  
A-8  
LÖ/bb

Vísað er til bréfs nefndarinnar, dags. 13. apríl s.l. þar sem farið er fram á umsögn um frumvarp til laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga, 545. mál, kröfufyrning barnsmeðlaga.

Eins og skilmerkilega er rakið í greinargerð með frumvarpinu er með frumvarpi þessu verið að bregðast við dómi Hæstaréttar í málinu nr. 254/1999. Í dóminum er staðfest sú niðurstaða héraðsdóms að krafa Innheimtustofnunar sveitarfélaga um endurgreiðslu meðlaga fyrnist á fjórum árum eins og kröfur sem lögtaksréttar njóta. Í málinu var Innheimtustofnun ekki talin hafa sýnt fram á með óyggjandi hætti að meta bæri slíkar kröfur sem sveitarstyrk en þeir fyrnast ekki. Í frumvarpinu er lagt til að fyrningarfrestur krafna um endurgreiðslu barnsmeðlaga og sérstakra framlaga skv. 15. gr. barnalaga, nr. 20/1992, sem greidd eru fyrir milligöngu opinberra aðila og endurgreiða ber að lögum, verði 10 ár eða sá sami og almenni fyrningarfresturinn skv. 4. gr. fyrningarlaga nr. 14/1905.

Í ljósi þeirra sjónarmiða, sem rakin eru í athugasemdum með frumvarpinu, er að mati Ríkisendurskoðunar eðlilegt að lögfesta með þeim hætti sem frumvarpið gerir ráð fyrir að kröfur þær, sem hér um ræðir, skuli fyrnast á 10 árum.

Sig. Þorðar  
Lárus Ólafsson